

bættismaður, sem hefir verið leystur frá embætti sínu, haldi þeirri tign, sem hefir verið samfara embætti því, sem hann fyr hefir haft, verði sækjandinn að álitast skyldugur til að greiða nafnbótaskatt, og að undanþága frá þessari skyldu verði eigi veitt, en heimilt er honum samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870 að leggja niður amtmannstignina og með því komast hjá að greiða nafnbótaskatt.

1872.

9. ágúst.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um byggingu hegningarhúss í Reykjavík.

14. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað timburmeistara *Klentz* á þessa leið:

„Eptir að siptamtmaðurinn yfir Íslandi þegar 14. júní þ. á. hafði sent skýrslur hingað um það, að fulltrúi yðar á Íslandi hafði stungið uppá, að byggja eigi útihús það, sem samningurinn, er gjörður var 3. maí þ. á. milli dómsmálastjórnarinnar og yðar um byggingu hegningarhúss o. s. frv. í Reykjavík, gjörir ráð fyrir, og á uppdrættinum, sem fylgdi, var ætlað til að skyldi vera áfast hegningarhúsinu, en byggja í stað þess heldur kjallara undir nyrðri enda aðalhússins, og hafa fyrir þvottarhús, rulluhús og eldiviðarklefa o. s. frv., — en þar er grundvöllurinn svo á sig kominn, að koma má þar fyrir góðum húsakynnum til þessa á hërumbil 250 ferhyrningsálna flatarúmi —, hafið þér í bænarskrá, dagsettri 6. f. m., sókt um samþykki stjórnarráðsins til þessarar breytingar á byggingar áætluninni, sem þér samkvæmt uppdrætti, er fylgir bænarskránni, bjóðist til að gjöra án þess að brugðið sé útaf borguninni, sem samið er um fyrir bygginguna alla, og hefir timburmeistari *Unmack*, sem gengist hefir undir að vera borgunarmaður og ábyrgjast að það verði gjörst, sem þér hafið gengist undir í samningnum, einnig ritað vottorð á bænarskrána, að hann hafi ekki neitt ámoti, að fallizt verði á þessa uppástungu.

1872.

14. ágúst.

Útaf þessu gefum vèr yður til kynna, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti samþykkir þessá breytingu á áætluninni um bygginguna, sem samið var um, með því móti, að eigi fyrir þetta verði brugðið útaf því, sem samið var um borgunina”.

Um leið og vèr gefum yður, herra stiptamtmaður, þetta til vitundar útaf bræfi yðar 14. júní þ. á., yður til leiðbeiningar, sendum vèr yður eitt exemplar af uppdrætti þeim, sem getið er um að framan.

14. ágúst.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu læknis til að taka kennslu í yfirsetufræði.

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað hinum setta héraðslækni í Múlasýslunum og Austur-Skaptafellssýslu á þessa leið:

„Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir sent hingað skjal nokkurt, þar sem þér getið þess, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi látið í ljósi útaf fyrirspurn yðar, að það mundi ráðlegast fyrir yður að taka kennslu í yfirsetufræði á hinn konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, samkvæmt auglýsing 31. oktbr. 1871¹⁾, ef þér vilið verða skipaður fyrir fullt og allt í læknisembætti það, sem þér eruð nú settur í, en amtmaður kvað sér ekki bært að veita, að þér haldið launum yðar, ámeðan þér eruð fjærverandi, og hafið þér mælt til þess við stiptamtíð, ef þess þykir þurfa, að þér njótið kennslu í yfirsetufræði, að það leyfi yður eða útvegi yður leyfi til að halda launum í fjærvist yðar með því skilyrði, að þér berið umhyggju fyrir, að embætti yðar verði tilhlýðilega stjórnað, ámeðan þér eruð fjærverandi.

Um leið og vèr getum þess, að konungsúrskurðurinn 21. oktbr. f. á. verður að ná til yðar, gefst yður til vitundar, að

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 229.